

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2002020075
3714; 9310

Reykjavík, 22. mars 2002
/ÞFP

Efni: Sjóvarnir við Ytra-Klif, vestan við félagsheimilið Klifi, Ólafsvík. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 25. febrúar 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð sjóvörn við Ytra-Klif, vestan við félagsheimilið á Klifi, Ólafsvík samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 8. mars 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 13. mars 2002. Svör framkvæmdaraðila bárust með bréfi dags. 15. mars 2002. Þar voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við umsagnirnar. Einnig barst bréf frá Vegagerðinni, dags. 1. mars 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Gerð sjóvarnar við Ytra-Klif, vestan við félagsheimilið á Klifi í Ólafsvík, Snæfellsbæ, í flokki B-C. Um 3-4 m hár bakki er við bílastæði félagsheimilisins sem sjórinn brýtur úr. Ætlunin er að byggja um 40 m langa sjóvörn, áætlað magn er 680 m³. Hæð sjóvarnar verður +6,5 m. Sjóvörnin tengist rofvörn meðfram Ólafsbraut sem samkvæmt bréfi Vegagerðarinnar er fyrirhugað að endurbyggja á um 400 m löngum kafla og samkvæmt Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar 5. tbl./02 er efnisþörf vegna þess hluta sjóvarnar um 2.250 m³ í síulag og 5.300 m³ í grjótvörn. Framangreindum verkum Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar hefur verið slegið saman og hefur Vegagerðin umsjón með verkinu. Fyrirhugað er að verkið hefjist í mars og ljúki 1. júní 2002. Notuð verður opin grjótnáma í Neðri-Höfða á Rífi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Snæfellsbæjar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem einungis sé verið að lagfæra núverandi sjóvörn og það hafi ekki miklar breytingar í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu um 40 m langrar sjóvarnar vestan við félagsheimilið Klifi í Ólafsvík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin tengist endurbyggingu rofvarna meðfram Ólafsbraut, sem Vegagerðin framkvæmir.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis og munu ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarnar við Ytra-Klif, vestan við félagsheimilið Klifi í Ólafsvík, Snæfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun verkur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Snæfellsbæjarskv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Skipulagsstofnun telur framkvæmdin geta samræmst aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, enda verði hluti sjóvarnarinnar hluti landfyllingar þegar fram í sækir.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 22. apríl 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Snæfellsbær og Náttúruvernd ríkisins.